

Reykjavík, 05. 01 2012

**Athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014, þingskjal 419 - 343. mál.**

1. Í 1. grein, lið d. er fjarskiptasjóði ætlað að kortleggja núverandi og möguleg verkefni. Neyðarlínan væntir þess að fjarskiptasjóður komi á næstu árum að fjármögnun verkefna sem Neyðarlínan hefur sinnt að undanfögnu sem varða uppbyggingu fjarskiptaáðstöðu sem ekki eru markaðslegar forsendur fyrir svo sem á fjöllum og utan alfaraleiða en þar sem mikið er um ferðamenn.
2. Í 1. grein, lið e. er tiltekið að stuðla eigi að hóflegri verðlagningu án þess að það sé skýrt með hvaða hætti það geti orðið. Neyðarlínan hefur á undanfögnu árum margoft bent á að verðlagning er alls ekki hófleg og úr takti við það sem eðlilegt getur talist án þess að haldbær skýring hafi fengist á því. Neyðarlínan leggur til að kveðið verði fastar að í þessari grein með því að tilgreina hvernig þetta markmið eigi að nást.
3. Í 1. grein, lið f. er fjallað um myndrænar upplýsingar fjarskiptastaði, fjarskiptakerfi og þjónustusvæði. Hér verður að undanskilja fjarskiptakerfi öryggisfjarskiptakerfa. Það er áhætta fólgin í því að það verði upplýst um það hvar fjarskiptabúnaður öryggisfjarskipta sem varðar löggæslu, vernd mikilvægra innviða og þjóðaröryggi. Með því verður misindismönnum hjálpað til við skerða og trufla viðkomandi þjónustu og valda tjóni á búnaði.
4. Í 2. grein, liðum f. og g. viðrist annars vegar verið að leggja til lægri leyfisgjöld og hins vegar hærra leyfisgjöld. Þessir tveir liðir virðast því stangast á.
5. Í 2. grein, lið j. er fjallað um að „verkefnahópur“ geri tillögur að útfærslu á alþjónustukvöð. Ekki er nánar skýrt hvernig þessi verkefnahópur verður skipaður. Í ljósi þess að Neyðarlínan sér um neyðarnúmerið 112 og svörun neyðarsímtala sem er einn meginþátta alþjónustu þá er eðlilegt að Neyðarlínan hafi fulltrúa í umræddum hópi og að um skipan hans verði fjallað í þingsályktuninni.